

Tilkynning frá tilnefningarnefnd Eimskip

Tilnefningarnefnd er undirnefnd stjórnar og hefur það hlutverk að aðstoða og upplýsa stjórn vegna ferils við framboð til stjórnar og varastjórnar, sem og öflun framboða/tilnefninga til stjórnar, varastjórnar og undirnefnda hennar.

Aðalfundur Eimskipa verður haldinn 26. mars 2026 og óskar tilnefningarnefnd eftir framboðum til stjórnar.

Tilkynning um framboð skal vera á sérstöku eyðublaði sem hægt er að nálgast [á vefsvæði aðalfundar](#) á fjárfestasíðu félagsins og skal skila á netfangið nominationcommittee@eimskip.com

Frestur til að skila inn framboðum sem hljóta eiga umfjöllun tilnefningarnefndar er til klukkan 12:00 **föstudaginn 6. febrúar 2026**. Nefndin áskilur sér rétt eftir atvikum til að fjalla um framboð sem berast síðar.

Aðalfundur kys fimm í stjórn og tvo til vara.

Lárus Blöndal sem setið hefur í stjórn félagsins frá árinu 2014 hefur lýst því yfir að hann hyggist ekki gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Tillaga nefndarinnar að tilnefningu frambjóðenda til stjórnarsetu verður kynnt tveimur vikum fyrir aðalfund, með tillögum stjórnar, eða 12. mars 2026.

Almennum framboðsfresti til stjórnar lýkur tíu sólarhringum fyrir aðalfund eða kl. 15:00 þann 16. mars nk. Starfsemi tilnefningarnefndar takmarkar ekki heimild frambjóðenda til að skila inn framboðum til stjórnar fram að því tímamarki.

Hluthöfum sem vilja eiga fund með tilnefningarnefndinni nú í aðdraganda aðalfundar 2026 er bent á að hafa samband sem fyrst gegnum tölvupóst.